

1970

Föstudaginn 5. nóvember 1993.

Nr. 425/1993. **Myndmark**

gegn

**Samkeppnisstofnun.**

Kærumál. Húsleit. Samkeppnislög. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. október 1993, sem barst réttinum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. október um húsleit hjá sóknaraðila að Ármúla 19, Reykjavík. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér verði dæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti á grundvelli 4. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991, þar sem hin kærða húsleit hafi þegar farið fram, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Í 40. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 eru svofelld ákvæði: „Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt hald á gögn, þegar ríkar ástæður eru til að ætla, að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðun samkeppnisyfirvalda.

Við framkvæmd aðgerða skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.“

Samkvæmt 143. gr. laga nr. 19/1991 frestar kæra sem þessi ekki framkvæmdum í máli. Húsleit var gerð hjá sóknaraðila samkvæmt hinum kærða úrskurði 15. október, og var henni stjórnað af lögreglumönnum samkvæmt 94. gr. laganna. Á staðnum var Stefán Unnarsson, forsvarsmaður sóknaraðila, og er þess getið, að hann hafi verið samvinnuþýður við þá, sem leitina gerðu.

Samkvæmt 2. mgr. 144. gr. laga nr. 19/1991 skyldi kærandi lýsa kæru sinni innan þriggja sólarhringa, eftir að honum hafði verið

kynntur úrskurðurinn. Lögmaður sóknaraðila heldur því fram í máli þessu, að frestur þessi hafi eigi byrjað að líða, þar sem sóknaraðila hafi eigi verið gerð grein fyrir kæruréttinum. Samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 varð úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur um húsleitina ekki kærður, eftir að húsleitinn hafði farið fram. Þegar lagaákvæði þessi eru skoðuð, verður að telja, að kæruehimild 1. mgr. 142. gr. laganna sé með öllu óraunhæf. Samkvæmt framan-sögðu ber að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. maí 1993.

Samkeppnisstofnun hefur krafist þess, að heimiluð verði með dómsúrskurði húsleit að Ármúla 19, Reykjavík, í húsnaði og hirslum Myndmarks, kt. 490893-2299, vegna staðfests grunar um, að forsvarsmenn Myndmarks og myndbandaútgefendur innan Myndmarks hafi ekki farið að úrskurði, sem Samkeppnisstofnun kvað upp 31. ágúst sl. á grundvelli 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og staðfestur var af samkeppnisráði 11. okt. sl. Í úrskurði Samkeppnisstofnunar komi fram, að útgefendur myndbanda, sem eru aðilar að Myndmarki, hafi með því að hafa samráð um breytingu á gildandi afsláttarkjörum til myndbandaleigna brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt hafi útgefendur myndbanda innan Myndmarks gerst brotlegir við 10. gr. laganna með því að hafa sammælt um mismunandi afslátt af verði til myndbandaleigna eftir því, hvort myndbandaleiga er aðili að Myndmarki eða ekki. Þá segir í úrskurðinum, að láti myndbandaútgefendur innan Myndmarks og forsvarsmenn Myndmarks ekki af hinu ólöglega atferli, muni samkeppnisyfirlögmála beita viðurlögum í samræmi við 53. gr. samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun kveðst hafa staðfestan grun um, að forsvarsmenn Myndmarks og myndbandaútgefendur innan Myndmarks hafi ekki farið að framangreindum úrskurði, og styðjist sá grunur m. a. við bréf, dags. 11. október 1993, fundargerð frá 6. október sl., sem hvort tveggja liggur frammi í málinu, og fjölmargar kvartanir þess efnis, að ekki sé farið að framangreindum úrskurði.

Samkeppnisstofnun telur brýnt að afla frekari gagna til staðfestingar á

ætluðu broti myndbandaútfenda innan Myndmarks og forsvarsmanna Myndmarks með því að fá heimild til leitar í húsnæði og hirslum Myndmarks í Ármúla 19, Reykjavík, og vísar beiðni sinni til stuðnings til 40. gr. laga nr. 8/1993, sbr. 11. kafla laga nr. 19/1991.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, og fram lagðra gagna þykir rétt að taka kröfu Samkeppnisstofnunar til greina og heimila leit í húsnæði og hirslum Myndmarks, kt. 490893-2299, í Ármúla 19, Reykjavík, með vísan til 1. mgr. 89. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 50. gr. laga nr. 8/1993.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Samkeppnisstofnun er heimilt að gera leit í húsnæði og hirslum Myndmarks, kt. 490893-2299, Ármúla 19, Reykjavík.

---